

**15. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
3. júní 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Ingibjörg Gunnarsdóttir yfirfélagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1506024 - Kynning á starfsemi barnaverndar Akraneskaupstaðar

Ingibjörg Gunnarsdóttir yfirfélagsráðgjafi mætti á fund ráðsins og kynnti starfsemi barnaverndar Akraneskaupstaðar.

Ingibjörg vék af fundinum að kynningu lokinni.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Ingibjörgu greinargóða yfirferð yfir starf barnaverndar.

2. 1505022 - Rekstrarstaða Akraneskaupstaðar 2015

Bókun bæjarráðs í máli nr. 1505022 - Rekstrarstaða Akraneskaupstaðar 2015 lögð fram til kynningar.

Velferðar- og mannréttindaráð gerir ráð fyrir að lokaniðurstaða Velferðar- og mannréttindasviðs verði innan fjárhagsáætlunar ársins 2015.

3. 1501209 - Þjónusta vegna búsetu og stuðningsþjónusta

Vísað til trúnaðarbókunar velferðar- og mannréttindaráðs.

4. 1505137 - Varasjóður húsnæðismála - móttöku umsókna hætt

Í bréfi frá 21. maí 2015 tilkynnir Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri Varasjóðs húsnæðismála, um þá ákvörðun ráðgjafarnefndar sjóðsins að hætta móttöku og afgreiðslu umsókna vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Vilborg Þ. Guðbjartsd.
Einar Brandsson
Gunnhildur Bj.
Ingibjörg Gunnarsdóttir

Jón Hrói Finnsson